

Lokaskýrsla vegna styrks úr Kennslumálasjóði Háskóla Íslands 2022 vegna verkefnisins: Mat á nýjum kennsluháttum í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði.

Í framhaldi af þróun nýrra stafrænna kennsluhátta í grunnnámi í uppeldis- og menntunarfræði sem Kennslumálasjóður HÍ styrkti 2021, var fenginn annar styrkur úr Kennslumálasjóði ári síðar til að meta þessa nýju kennsluhætti. Það var gert svo hægt væri að þróa kennsluna í uppeldis- og menntunarfræði enn frekar en einnig svo reynslan geti nýst öðrum deildum háskólans.

Kennsluhættir námskeiðsins

Nýtt skyldunámskeið á fyrsta misseri í BA-námi í uppeldis- og menntunarfræði var búið til, námskeiðið UME102G Uppeldishlutverkið: Áskoranir í nútímasamfélagi. Kennsluhættir námskeiðsins voru þróaðir með það að markmiði að stuðla að sjálfstæðum vinnubrögðum, virkri þátttöku og gagnrýnni hugsun nemenda strax frá fyrsta misseri.

Kennsla námskeiðsins skiptist í 1) sjálfstæðan undirbúning nemenda við yfirferð námsefnis; 2) umræður á netinu (vikulega frá mánudegi til miðvikudags); 3) umræður í rauntíma (að jafnaði einu sinni í viku, í gegnum fjarfundakerfi eða með mætingu í Stakkahlíðina); 4) hálfsmánaðarlegar skriflegar ígrundanir; og 5) tvö skilaverkefni, annað hópverkefni og hitt einstaklingsverkefni.

Mikil áhersla er á virkni nemenda með þátttöku í umræðum bæði skriflegum (á netinu) og munnlegum (í rauntíma). Þær umræðuspurningar sem lagðar eru fyrir nemendur hafa það að markmiði að hvetja nemendur til þekkingarleitar, að tengja fræði og kenningar við eigin reynsluheim, gagnrýnnar hugsunar og ígrundunar og hvetja þau þannig til að kafa djúpt í umfjöllunarefni námskeiðsins.

Þá er sérstök áhersla lögð á að hvetja nemendur til að tengja fræði og hugtök við persónulega reynslu samanber hæfniviðmið námskeiðsins „að nemendur geti sett persónulega reynslu úr eigin uppeldi í samhengi við umfjöllunarefni námskeiðsins“. Tilgangur þess er að stuðla að dýpri skilningi þeirra á námsefninu og hjálpa þeim að gera námið merkingarbært. Það er í anda rauntengds náms (e. authentic learning) og reynslutengds náms (e. experience based learning). Tilgangur þess er að gera námið einstaklingsmiðaðra og höfða til reynslu einstaklingsins. Námskeiðið var tilvalið í að þróa þessa nýju kennsluhætti, þar sem allir hafa reynslu af uppeldi, hvort sem er sínu eigin eða annarra, og geta tengt þá reynslu við viðfangsefni námskeiðsins.

Námsmat í námskeiðinu er margþætt, með það að markmiði að stuðla að jafnri þátttöku yfir misserið og skuldbindingu nemenda til náms, þar sem þeir eru hvattir til að taka virkan þátt og vinna jafnt og þétt í námskeiðinu í hverri viku. Nemendur fá einkunnir fyrir hvern námsþátt vikulega, sem gerir það að verkum að árangur þeirra er þeim sýnilegur strax frá upphafi og vonast til að það hafi hvetjandi áhrif á nemendur, þar sem þeir sjá hvar þeir eru að standa sig vel og hvað þeir þurfa að bæta. Vonast var til að þetta nýja verklag í námsmati í BA námi í uppeldis- og menntunarfræði myndi stuðla að góðum námsvenjum nemenda strax frá fyrsta misseri.

Aðferð

Þátttakendur voru allir 84 nemendur námskeiðsins haustið 2021. 54 nemendur á 1. ári, 30 nemendur á 2. og 3. ári. Námskeiðið er skyldunámskeið á fyrsta ári en þegar það var kennt í fyrsta skipti haustið 2021 var það einnig opið nemendum á öðru og þriðja ári þar sem nemendur höfðu lengi óskað eftir því.

Gögnum var safnað frá öllum nemendum námskeiðsins þrisvar sinnum yfir misserið (í viku 3, 7 og 13). Nemendur skiluðu 200-400 orðum í hvert skipti. Samtals eru því gögnin á bilinu 50.400-100.800 orð. Nemendur voru beðnir um að svara spurningum frá kennurum sem lutu að sýn þeirra á kennsluháttum námskeiðsins. Spurningarnar voru: 1) Hvernig finnst þér að taka námskeið með þessum kennsluháttum (umræður á netinu, fimmtudagsspjall og ígrundanir)? 2) Hvað finnst þér takast vel? Hvað mætti betur fara? 3) Hvaða tillögur hefur þú að því að gera námskeiðið betra?

Svör nemendanna voru þemagreind (Braun og Clarke, 2021). Rýnihópaviðtöl sem stóð til að taka við nemendur gengu ekki eftir þar sem nemendur gáfu ekki kost á sér, þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir. Þar sem skrifleg svör nemenda við þessum þremur spurningum voru flest djúp og mikill efniviður í þeim var ákveðið að bíða með rýnihópaviðtölin að sinni og nota aðeins þau gögn sem fyrir lágu.

Farið var eftir lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga (nr. 90/2018) og siðareglum Háskóla Íslands (2019). Upplýsingabréf var birt á Canvas síðu námskeiðsins ásamt upplýstu samþykki. Nemendum var kynnt rannsóknin og beðnir um að hafa samband við kennara vildu þeir ekki taka þátt í rannsókninni. Til að tryggja trúnað við nemendur eru engin nöfn notuð og persónugreinanlegum atriðum breytt.

Niðurstöður

Fyrir lá að samkvæmt niðurstöðum kennslukönnunar voru nemendur afar ánægðir með námskeiðið. Það fékk 8,85 í heildareinkunn á meðan meðaltal Menntavísindasviðs (MVS) var 7,98 og HÍ 7,91. Námskeiðið var hærra í öllum mældum þáttum en meðaltalið á MVS; framlag stúdents (4,64 / MVS:4,23), afrakstur námskeiðs (4,88 / MVS:4,1), skipulag námskeiðs (4,52 / MVS:4,11), vinnuálag (4,06 / MVS:3,64), kennsla (4,35 / MVS: 4,3) og fræðileg hvatning (4,32 / MVS:4,24).

Niðurstöður okkar voru í samræmi við niðurstöður kennslukönnunar en greinilegt var í gögnum okkar að mikil ánægja var með kennsluhættina. Nemendur sögðu að þeim fyndust þessir „kennsluhættir frábærir“. Þeir töldu „námsefnið ... spennandi og vel upp sett“. Þeim fannst „lesefnið ... mjög skemmtilegt og áhugavert með fjölbreyttum heimildum líkt og myndbönd í bland við greinar, glærur, hlaðvörp og bækur“. Nemandi á 2. ári sagði: „Þetta námskeið hefur verið það skemmtilegasta sem ég hef tekið [mér] fyrir hendur“. Nemendur töldu að með kennsluháttunum upplifðu þau „eins og það sé hlustað á okkur og að við getum haft áhrif ... Allir finna til sín ... Við höfum okk[a]r eigin rödd í náminu sem er virt og fær áheyrn. Það finnst mér framúrskarandi“ (nemandi á 2. ári).

Greind voru þrjú meginþemu: 1) Aukinn og dýpri skilningur á námsefninu; 2) Gagnrýnin hugsun og aukin víðsýni; 3) Skuldbinding og virk þátttaka nemenda. Hér gefum við innsýn inn í niðurstöðurnar.

Aukinn og dýpri skilningur á námsefnin

Fram kom að samþætting námsefnis og persónulegrar reynslu, bæði þeirra eigin og samnemenda, „tengdi mann betur við efnið“ og veitti þeim „dýp[ri] skilningin á efninu“ að þeirra mati. Þau töldu samþættinguna auka skilning sinn á fræðilegum hugtökum og töldu námsefnið festast betur í minni: „Mín reynsla er sú að þegar ég tengi efnið við persónulega reynslu þá finnst mér ég skilja efnið betur og einnig virðist vera að ég muni meira eftir því sem ég hef lært um tiltekið efni“. Þau sögðu það gera sér gott að þurfa að líta inn á við og ígrunda, það gæfi þeim „tækifæri á að þroskast og nýta sína reynslu til að gera betur“ og „kafa dýpra í það sem maður lært hefur“. Eldri nemendur töldu að þau hefðu öðlast dýpri skilning á efninu en áður: „þó ég hafi lesið eitthvað af þessum greinum áður þá hef ég náð að skilja þær betur núna“ og þökkuðu þessum kennsluháttum það. Þá fannst nemendum námskeiðið lærdómsríkt eða eins og nemandi á 3. ári sagði: „Hingað til er þetta áfangi sem ég hef lært mest af, af öllum áföngum sem ég hef farið í“.

Gagnrýn hugsun og aukin víðsýni

Nemendum þóttu kennsluhættir námskeiðsins gefa þeim tækifæri á að sjá námsefnið frá mörgum sjónarhornum og þannig auka gagnrýna hugsun þeirra og víðsýni. Eða eins og einn nemandi sagði: „Mér finnst sérstaklega dýrmætt að ræða við þá sem hafa aðra reynslu en ég sjálf, þá kemst ég út úr mínum kassa og fæ víðara sjónarhorn á hlutina“ og vísar þar til vikulegra umræðna. Þannig fannst nemendum þeir „átta [sig] á þáttum sem [þau höfðu] aldrei sjálf velt fyrir sér“ og það gæfi þeim tækifæri til að „[bera] saman við sínar eigin hugmyndir“ og annarra, „kafa dýpra í öll þau málefni sem fram koma í námskeiðinu“ og „endurmeta skoðanir sínar“. Þau sögðu það „bæði efl[a] gagnrýna hugsun og teng[ja] mann betur við efnið“.

Skuldbinding og virk þátttaka nemenda

Nemendur töldu kennsluhættina skuldbindandi og hvetja þau til virkrar þátttöku í námskeiðinu. Með því að „gefin [væri] einkunn fyrir mætingu og þátttöku“ fannst þeim þau skuldbinda sig til þátttöku í vikulegum umræðum og þau upplifðu að „flest allir taka þátt í umræðuþr[æ]ðinum og setja mikinn metnað í að leggja sig fram að svara spurningum þar“. Virk þátttaka samnemenda þótti þeim þannig hvetja sig áfram til þátttöku í umræðum og til að geta tekið virkan þátt í umræðum fannst þeim „mikilvægt að vera búin að lesa lesefni vikunnar“. Því fannst þeim þau skuldbundin til að mæta undirbúin fyrir vikulegar umræður. Undirbúningurinn fannst þeim gera það að verkum að auðveldara var fyrir þau að setja innlegg í umræðurnar ásamt því að leita svara við vangaveltum samnemenda, eins og einn nemandi sagði: „ahh já, bíddu hvar var ég búin að lesa um þetta“! Þá fer ég að leita af greinum sem ég var búin að lesa áður sem tengist efninu, líka til að deila með öðrum til að ö[ð]last enn meiri þekkingu“. Þannig töldu nemendur kennsluhættina „halda manni vel við efnið“ að því leyti að þau upplifðu sig skuldbundin til að undirbúa sig fyrir vikulegar umræður og vera „virkir þátttakendur í náminu“.

Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar benda til þess að kennsluhættir námskeiðsins auki og dýpki skilning nemenda á námsefninu, auki gagnrýna hugsun og víðsýni, og hafi jákvæð áhrif á skuldbindingu og virka þátttöku nemenda. Auk þess voru nemendur ánægðir með námskeiðið og kennsluhættina.

Þetta verkefni hefur stuðlað að þróun kennsluhátta á akademískum vettvangi. Kennarar námskeiðsins hafa frá upphafi brugðist við athugasemdum, óskum og þörfum nemenda jafnóðum og gert þannig

stöðugar betrubætur á námskeiðinu. Niðurstöður þessarar rannsóknar hafa komið sér þar vel og hafðar að leiðarljósi við þróun kennsluhátta.

Þessa nýju kennsluhætti í BA námi í uppeldis- og menntunarfræði, kynntu Hrund og Aldís á málþingi Kennsluakademiunnar í maí 2022. Þá hafa niðurstöður verið kynntar fyrir öðrum kennurum með óformlegum hætti, bæði í spjalli við ýmsa kennara og á nokkrum brautarfundum á ólíkum brautum. Unnið er að grein til birtingar í ritrýndu tímariti upp úr gögnunum og stendur til að senda hana í ritrýni í lok sumars.

Með kveðju og þökk,

Hrund Þórarins Ingudóttir, lektor

Umsjónarmaður námsleiðarinnar foreldrafræðsla og uppeldisráðgjöf

Menntavísindasviði Háskóla Íslands